

Nd.

500. Frumvarp til laga

[205. mál]

um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

Flm.: Sverrir Júlíusson.

1. gr.

1. mgr. 17. gr. laganna orðist svo:

Með 1% af verðhæðinni skal stimpla afsalsbréf fyrir fasteignum, en með 0.4% af verðhæðinni skal stimpla afsalsbréf fyrir skipum yfir 5 rúmlestir brúttó. Framan- greinda hundraðshluta skal nota við stimplun afsala við fógetagerðir, skipti og uppboð, svo og öll önnur skjöl um afhendingu fasteigna og skipa, svo sem kaup- samninga, makaskiptabréf, gjafabréf og próventusamninga. Enn fremur erfðafestu- bréf, ef þau veita rétt til að selja eða veðsetja.

2. gr.

Stimpilgjald það, sem 1. gr. þessa frumvarps ákveður af skipum, skal miða við eigendaskipti á skipum, er átt hafa sér stað eftir 1. nóvember 1968, hvort sem stimpilgjaldið er þegar greitt eða afsal fyrir skipi ófrágengið hvað þetta snertir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er gerð tillaga um lækkun stimpilgjalds af afsölum skipa, 5 rúmlesta og stærri. Nú er gjald þetta 1% af söluverði skips, en með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að gjaldið lækki í 0.4%.

Við eigendaskipti á skipum, einkum fiskiskipum, hefur oft dregizt mjög, að gengið sé endanlega frá afsali, sem stafað hefur af því, hve kostnaðarsamt þetta hefur verið. Stimpilgjaldið var til ársloka 1967 innheimt með 140% viðauka, þannig að það var 2.4%. Viðauki þessi hefur ekki verið innheimtur frá ársbyrjun 1968, en þrátt fyrir það er 1% stimpilgjald ærið hátt, þegar tillit er tekið til ört hækkandi verðlags á skipum.

Samkvæmt upplýsingum, sem utanríkisráðuneytið aflaði, er stimpilgjald af af- sölum fiskiskipa í Svíþjóð 1% af hærri upphæð en S.kr. 25 000.00, í Danmörku 0.4% af hærri upphæð en D.kr. 10 000.00, en í Noregi eru afsöl fyrir fiskiskipum stimpilfrjáls.

Á árinu 1969 urðu veruleg eigendaskipti á hinum stærri fiskiskipum, og hafa stimpilgjöld og kostnaður við þinglýsingu í sambandi við kaup á hinum stærstu skipum farið upp í 500—600 þús. kr. Aðeins er búið að ganga formlega frá afsölum fárra skipa, sem eigendaskipti hafa orðið á frá því í nóvember 1968, og hafa hinir nýju eigendur ekki haft bolmagn til að greiða kostnað samfara eigendaskiptunum. — Slíkt hefur margháttáða erfiðleika í för með sér fyrir kaupendur, seljendur, hina ýmsu sjóði, sem veð eiga í skipunum, viðskiptabankana og skipaskráninguna. Telja verður óeðlilegt, að kostnaður samfara þessu þurfi að vera eins hár og raun ber vitni, þegar verið er að koma jafnnauðsynlegum málum í rétt horf eins og telja verður, að það sé að ganga formlega frá eigendaskiptum á fiskiskipum.

Þá er gert ráð fyrir því, að hið nýja gjald verði látið gilda um sölu skipa, sem fram hefur farið frá því í nóvember 1968, er ákveðið var nýtt gengi íslenzkrar krónu. Með þeirri gengisbreytingu hækkaði verðlag á fiskiskipum mjög verulega. Er gert ráð fyrir, að þeir fáu aðilar, sem af vanefnum hafa frá málum þessum gengið, fái endurgreiddan þann mismun á stimpilgjaldi, er breyting þessi hefur í för með sér, og því stimpilgjaldi, sem í gildi hefur verið.